



Til bæjarráðs

Kópavogi, 9. maí 2023
2107265/511.01 ÁAK

Efni: Vegna umsóknar um lóðina Tónahvarf 4

Teitur Jónasson ehf. (Teitur) óskaði með bréfi dags. 2. júlí 2021 eftir því að sækja um lóðina Tónahvarf 4 og mögulega Tónahvarf 2 líka. Bæjarráð samþykkir með fimm atkvæðum á fundi sínum þann 19. ágúst 2021 að fela bæjarstjóra að eiga viðræður við fyrirsvarsmann félagsins um framtíðaráform þess.

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. ítrekaði fyrirtækið beiðni sína um úthlutun á lóðinni Tónahvarfi 4 og hluta lóðarinnar Tónhvarfs 2.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 2. mars 2023 þar sem erindinu var vísað til umsagnar sviðsstjóra stjórnsýslusviðs hvað varðar feril málsins innan stjórnkerfis bæjarins.

Undirrituð lagði þann 16. mars sl. fram minnisblað f.h. sviðsstjóra þar sem ferli umsóknarinnar frá 2. júlí 2021 og samskipti við umsækjanda var rakið.

Bæjarráð ákvað að vísa erindinu með fjórum atkvæðum og hjásetu Andra Steins Hilmarssonar til bæjarlögmanns að nýju til frekari viðræðna við umsækjanda. Í bókun bæjarráðs kom jafnframt fram að bæjarráð líti svo á að viðræður um úthlutun lóðarinnar Tónahvarfs 4 séu samhangandi við framtíðarhugmyndir um lóðarréttindi Dalveggar 22. Bæjarráð óskaði því upplýsinga um hvenær og með hvaða hætti lóðarréttindi Dalveggar 22 kæmu til Kópavogsbæjar.

Undirrituð hefur samkvæmt fyrirmælum lóðarhafa rætt við umsækjanda og fengið meðfylgjandi tölvupóst frá framkvæmdastjóra fyrirtækisins og fyrirátlanir þess er varða Dalveg 22. Í póstinum kemur fram að fyrirhugað væri sé að flytja rúturéksturinn í áföngum frá Dalvegi 22 og samhliða því að byggja á Dalvegi skrifstofu/verslunarhúsnæði í samræmi við þær byggingar sem fyrirhugaðar eru í nágrenninu. Aldrei hafi komið til tals að færa þau lóðarréttindi aftur til Kópavogsbæjar.

Virðingarfyllst,


Ása A. Kristjansdóttir
bæjarlögmaður